

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra
vegna íbúðarbyggðar og frístundabyggðar í landi Útskákar.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. júní 2020 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 sem samþykkt var í sveitarstjórn 14. maí 2020.

Í breytingunni felst að um 4,5 ha landbúnaðarsvæði í landi Útskákar er breytt í íbúðarbyggð ÍB-510 fyrir 5 lóðir og frístundabyggð F-453 fyrir 5 lóðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. júní 2020.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. júlí 2020